

Dags. 5. nóvember 2020

Velferðarnefnd Alþingis
Bt. Ívar Mór Ottarson
101 Reykjavík



Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir vegna rakaskemmda í fasteignum

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar skal Alþingi fela félags- og barnamálaráðherra, í samráði við heilbrigðisráðherra, að leggja til nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum til að uppræta og koma í veg fyrir tjón vegna rakaskemmda í fasteignum.

Í tillögunni eru rakin þau atriði sem horfa eigi til við umræddar breytingar og eru þau eftirfarandi:

1. Auka réttindavernd þeirra sem verða fyrir tjóni vegna rakaskemmda.
2. Efla sjálfstætt eftirlit með prófunum á byggingarefni áður en það er tekið í notkun hér á landi.
3. Efla þekkingu fagaðila á rakaskemmdum og forvörnum tengdum þeim.
4. Gera aðgengilegar á miðlægan hátt upplýsingar um framkvæmdir á húsnæði.
5. Taka upp jákvæða hvata fyrir tryggingafélög til að tryggja húsnæði gegn rakaskemmdum.
6. Taka upp jákvæða hvata fyrir fasteignaeigendur til að koma í veg fyrir og uppræta rakaskemmdir á eldra húsnæði.

Samiðn fagnar umræddri þingsályktunartillögu og telur markmið hennar jákvætt. Mikilvægt er að hafa í huga að áður en gengið er til framkvæmda, sér í lagi byggingu fasteigna, skiptir öllu máli að vanda til verka strax í upphafi, enda hefur reynslan sýnt að rakaskemmdir hafa aukist með tilheyrandi vandamálum. Án efa má rekja mikinn meirihluta þeirra vandamála til þess að skort hafi á fagþekkingu í upphafi verks. Miklu máli skiptir því að fá löggiltan aðila í slík verkefni, og þá strax frá upphafi.

Ennfremur hafa rannsóknir á myglu aukist og niðurstöður þeirra skila sér til fagmanna í gegnum endurmenntunarstofnanir iðnaðarmanna. Þar er hægt að meta hvort og þá hvaða breytingar hugsanlega þurfi að gera til að vanda enn betur til verka. Ljóst er að samstaða löggiltra iðnaðarmanna skiptir þar sköpum.

Samiðn vill þó lýsa yfir áhyggjum af fyrirhugaðri niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands enda getur það haft í för með sér neikvæðar afleiðingar á þær mikilvægu rannsóknir á myglu og tengdum atriðum sem þar eru framkvæmdar. Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn svo hægt verði að halda áfram með rannsóknir á þessari meinsemd sem mygla er og ekki síður hvort og þá hvaða leiðir hægt er að fara til að lágmarka að upp komi rakaskemmdir. Að sama skapi er mikilvægt að

horfa til þess að óháðir opinberir aðilar, eða aðilar sem eru með einhverjum hætti tengdir stjórnvöldum, geti greint þau vandamál og lagt fram tillögur að lausnum.

Með vísan til framangreinds telur Samiðn mikilvægt að umrædd þingsályktunartillaga nái fram að ganga en að horft verði til þeirra athugasemda sem fram koma hér að ofan. Ennfremur vil Samiðn taka fram vilja sinn og áhuga á að koma að þeirri vinnu í mögulegum starfshópi stjórnvalda eða veita ítarlegri umsögn á síðari stigum.

F.h. Samiðnar

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar